

Akraneskaupstaður
Anna Þóra Gísladóttir
Stillholti 16-18
300 Akranes

Reykjavík, 11. apríl 2023
UST202303-329/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Grjótkelduflói - Akraneskaupstaður

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Akraneskaupstaðar barst 29. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir Grjótkelduflóa á Akranesi.

Í greinargerð kemur fram að helstu viðfangsefni deiliskipulagsins verða séu að skilgreina aðkomuleiðir, gatnakerfi og stígakerfi, skilgreina ákvæði fyrir athafnasvæði AT-323, setja skilmála fyrir skógræktarsvæðið SL-324 m.a. um ræktun og starfsemi gagnvart vatnsbólum og vatnsverndarsvæðum. Auk þess nær deiliskipulagssvæðið til vatnsbola og vatnsverndarsvæði, sem að hluta eru innan bæjarmarka í Slögu, þar sem fjallað verður um skilmála um umgengni og frágang. Einnig nær svæðið til moldartípps er að mestu leyti innan svæðis OP-336 og skotfimisvæði Akraneskaupstaðar ÍP-325.

Friðlandið

Í greinargerð segir að skipulagssvæðið er utan náttúruverndarsvæða, en er í grennd við friðlandið í Blautósi og Innstavogsnesi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hugað sé að og settir séu skilmálar um að starfsemi skotfimisvæðisins hafi ekki áhrif á fuglalíf við friðlandið, en skothvellir hafa neikvæð áhrif á fuglalíf. Umhverfisstofnun bendir á að innan Blautóss er skilgreint mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti Ní , en svæðið er alþjóðlega mikilvægt sem viðkomustaður fyrir margæsir.

Votlendi og mólendi

Í greinargerð kemur fram að innan svæðisins er votlendi. Umhverfisstofnun vill benda á að á norðlægum slóðum er tali að mest kolefni liggja bundið í jarðvegi og því þykkari sem jarðvegurinn er því meiri binding.^{1 2} Því telur Umhverfisstofnun að kanna eigi losun frá svæðinu í dag og mögulega losun verði skipt um jarðveg á svæðinu til að það verði byggilegt. Einnig ætti að kanna hver ávinningur yrði m.t.t. losunar gróðurhúsalofttegunda að stífla skurði og endurheimta votlendi á umræddu svæði.

¹ [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/Landoglif_Stefna2031%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/Landoglif_Stefna2031%20-%20Copy%20(1).pdf)

² [Peat deposits store more carbon than trees in forested peatlands of the boreal biome | Scientific Reports \(nature.com\)](#)

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur